



## Upplýsingar til sjúklinga á gjörgæsludeild og aðstandenda þeirra

Tilgangur þessa bæklinga er að veita sjúklingum og aðstandendum hagnýtar upplýsingar um starfsemi deildarinnar. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá starfsfólki.



Við vonum að þessar upplýsingar komi sjúklingum og aðstandendum þeirra að gagni og auðveldi dvöl þeirra á deildinni.

### Ýmsar upplýsingar

**Beinn sími deildarinnar: 4630110**  
**Símtöl til sjúklinga: 4630115**  
**Beinn sími inn á aðstandendaherbergi: 4630119**

Aðstandendur hafa aðgang að matsal starfsfólks sem staðsettur er í kjallara.

### Matsalur er opinn á eftirfarandi tímum:

Morgunverður kl. 8:45-10:00  
Hádegisverður kl. 11:30-13:15  
Kvöldverður kl. 18:15-19:00

### Hraðbanki og sjálfssalar eru í kjallara (k1)

**Hægt er að kaupa matarmiða og fá skiptimynt hjá símavakt við aðalinnganginn**  
**Hægt er að komast í tölvu frammi á gangi**

### Um gjörgæsludeildina

Á deildinni eru fimm legupláss, þar af eitt einbýli.

Við deildina starfa svæfingalæknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, starfsstúlka, lækningaritari og prestur.

Deildin er ætluð sjúklingum sem þarfnast nákvæms eftirlits og þar er hægt að veita sérhæfða meðferð. Allir sjúklingar eru tengdir við hjartarafsjá og fleiri tæki þannig að hægt sé að fylgjast nákvæmlega með ástandi þeirra.

Stundum þurfa sjúklingar á öndunarstuðningi að halda. Hann er hægt að veita með ýmsu móti til dæmis með því að setja sérstaka grímu yfir andlit sjúklings sem blæs lofti í hann. Best er að tala þannig við sjúkling að hann þurfi að svara sem minnst, helst bara með því að hreyfa höfuð til merkis um já eða nei. Ef þessi öndunarstuðningur dugur ekki er nauðsynlegt að sjúklingar séu tengdir við öndunarvél í lengri eða skemmri tíma. Þá liggur mjó slanga niður öndunarveginn og í gegnum hana er



þrýst lofti til lungnanna. Vegna þessa getur sjúklingurinn ekki talað. Þó svo hann virðist vera meðvitundarlaus ber að hafa í huga að oftast er heyrnin í lagi og því mikilvægt að tala við sjúklinginn en ekki yfir honum. Þó svo að sjúklingur sé tengdur við mörg tæki er alveg óhætt að snerta hann og eru aðstandendur hvattir til þess. Snerting og kunnugleg rödd getur veitt sjúklingi mikla öryggiskennd. Aðstandendur eru hvattir til að leita frekari upplýsinga um það sem kemur þeim ókunnulega fyrir sjónir, það dregur úr óöryggi sem margir upplifa þegar þeir þurfa á þjónustu gjörgæsludeildar að halda.



### Upplýsingar um sjúklinga til aðstandenda

Hjúkrunarfræðingar veita upplýsingar um líðan sjúklings allan sólarhringinn. Æskilegt er að einn eða tveir af nánustu aðstandendum komi sér saman um að hringja og fá upplýsingar um líðan sjúklingsins og miðla þeim síðan áfram. Það minnkar álag á starfsfólk deildarinnar.

Aðstandendur eru vinsamlegast beðnir um að hringja ekki á meðan vaktaskipti standa yfir.

Vaktaskipti starfsfólks standa yfir frá: Kl. 8:00-8:30, 15:30-16:00, 23:00-23:45

Nánari upplýsingar um ástand og meðferð veitir vakthafandi læknir gjörgæsludeildarinnar og sérfræðingur sjúklings. Starfsfólk deildarinnar er ávallt reiðubúið til að aðstoða aðstandendur við að ná tali af lækni. Aðstandendur eru látnir vita ef breyting verður á líðan sjúklings og eru því beðnir að skilja eftir símanúmer.

### Heimsóknir

Heimsóknir eru í samráði við hjúkrunarfræðinga deildarinnar. Á morgnana fer fram aðhlyning sjúklingsa, stofugangur lækna og rannsóknir framkvæmdar, þannig að erfitt er að koma við heimsóknnum á þeim tíma.

Aðstandendur eru velkomnir á tímabilinu milli kl. 14 til 20 og á öðrum tíma eftir samkomulagi. Ekki er æskilegt að fleiri en tveir aðstandendur séu hjá sjúklingi hverju sinni. Einnig leyfir ástand sjúklings oft á tíðum ekki langar heimsóknir. Heimsóknir barna yngri en 12 ára eru ekki leyfðar nema í samráði við hjúkrunarfræðinga deildarinnar. Áður en komið er inn á deildina eru aðstandendur beðnir að hringja dyrabjöllu.

**Blóm eru ekki leyfð inn á sjúkrastofum gjörgæsludeildar m.a. vegna sýkingarhættu.**

### Aðstaða fyrir aðstandendur

Á deildinni er sérstakt herbergi ætlað aðstandendum. Þar er hægt að hvíla sig, fá sér kaffi, hringja eða bara slaka á. Hægt er að sofa þar ef þörf er á.

Vinsamlega búið um rúmið og gangið snyrtilega um herbergið þannig að aðrir aðstandendur geti notfært sér aðstöðuna á daginn.



Það er oft erfitt og krefjandi að vera aðstandandi mikið veikra sjúklinga. Því er mjög mikilvægt að aðstandendur rækti sjálfa sig, fái næga hvíld, næringu og útiveru. Þannig eru þeir betur í stakk búnir að styðja við og standa með hinum sjúka.

Við sjúkrahúsið er starfandi prestur sem ætíð er reiðubúinn að tala við sjúklinga og aðstandendur ef þeir óska. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar hafa milligöngu þar um. Hægt er að kalla til sóknarpresta eða forstöðumenn annarra trúfélaga, ef óskað er.

Sími er til afnota fyrir aðstandendur, ýta þarf á núll til að fá són. Ekki er leyfilegt að vera með gsm síma inni á stofu sjúklings.

**Vinsamlegast gætið þagmælsku og ræðið ekki það sem þið sjáið eða heyrið varðandi aðra sjúklinga deildarinnar.**



Sjúklingar og aðstandendur þeirra eru hvattir til að láta í ljós skoðanir og tilfinningar varðandi þá þjónustu sem veitt er. Óskum þér, ástvini þínum og fjölskyldu velfarnaðar.

Starfsfólk gjörgæsludeildar FSA.